

ið, og krafa um frávísun gagnsakarinnar kom ekki fram fyrr en við munnlegan málflutning. Með þetta í huga virðist ekki rétt að taka frávísunarkröfuna til greina.

Ályktarorð:

Krafa gagnstefnanda, Helga Benediktssonar, um sameiningu gagnsakar við aðalsök er ekki tekin til greina.

Framkomin frávísunarkrafa er ekki tekin til greina.

Föstudaginn 19. október 1962.

Nr. 135/1961. Dánarbú Páls Magnússonar

(Þorvaldur Ari Arason hdl.)

gegn

Sveini Jónssyni

(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Lárus Jóhannesson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theodór B. Lindal prófessor.

Deilt um rétt til innheimtufjár.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. s. m. Gerir hann hér fyrir dómi svofellda kröfu: „Að viðurkenndur verði eignarréttur áfrýjanda á fé því, peningum og 5000.00 kr. ávísun Inga Kröyers, útgefinni 2. ágúst 1962, samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 21. júlí 1957, í málinu 584/1956, Sveinn Jónsson gegn Inga Kröyer, sem Gunnar A. Pálsson hrl. hefur innheimt og nú er í hans vörzlum.“ Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur ekki fært sönnur á það í máli þessu, að hann hafi, er framangreint bæjarþingsmál, nr. 584/1956,

var höfðað, verið eigandi fjárkröfu þeirrar á hendur Inga Kröyer, er stefnda var dæmd með dómi bæjarþingsins 21. júlí 1956. Á hann og þá ekki heldur rétt til innheimtufjár þess, sem greitt hefur verið til lúkningar greindri fjárkröfu. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 7500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, dánarbú Páls Magnússonar, greiði stefnda, Sveini Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. nóvember 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, sem birt var 10. marz 1959, en sáttatilraun hafði þá reynzt árangurslaus. Þar stefnir Páll Magnússon járnsmíðameistari, Bergstaðastræti 4 hér í borg, Sveini Jónssyni sölustjóra, Rauðarárstíg 38, og krefst viðurkenningar á eignarrétti á dómi bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 21. júlí 1956 í bæjarþingsmáli Sveins Jónssonar gegn Inga Kröyer, bæði hvað varðar dómskuldir og veðréttindi. Einnig var krafizt málskostnaðar, ekki lægri upphæðar en kr. 5.000.00. Páll Magnússon er nú látinn, en dánarbú hans hefur tekið við málinu.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu og málskostnaðar. Kröfur voru gerðar um, að stefnandi, Páll Magnússon, yrði dæmdur til greiðslu réttarfarssektar, en frá þeirri kröfu var síðar fallið.

Málavextir eru þessir: Sumarið 1955 keypti Ingi Kröyer bifreiðarstjóri hér í borg nýja bifreið fyrir milligöngu stefnda í máli þessu. Ekki hafði Ingi nægilegt fé til kaupanna, og aðstoðaði stefndi hann við fjáröflun. Fór það fram með þeim hætti, að Ingi samþykkti víxil, að fjárhæð kr. 35.000.00, en stefndi gaf hann út og framseldi eyðuframsali. Víxillinn var gefinn út 28. júlí, og gjalddagi hans var 1. nóvember. Trygging var 1. veðréttur í bifreiðinni. Um það er ekki deilt, að stefndi í máli þessu fór með víxil þenna til Hjálmtýs sáluga Sigurðssonar

bankavarðar og að Hjálmtýr seldi víxilinn Páli Magnússyni járnsmíðameistara.

Ekki gat Ingi Kröyer greitt víxilinn á gjalddaga. Hafði hann þá handbærar 7.000.00 kr., og er ritað á víxilinn, að þær hafi verið greiddar 3. nóvember. Jafnframt féll stefndi frá afsögn.

Stefndi skýrir svo frá, að Páll hafi verið tregur til að veita gjaldfrest og segir þá Hjálmtý báða hafa hvatt Inga til að greiða víxilinn hið fyrsta. Ingi gat hins vegar ekki greitt. Segir stefndi, að Hjálmtýr hafi þá hvatt sig til að útvega fé til að greiða og viljað eiga við sig um viðskiptin. Í skýrslu, sem stefndi gaf, þegar lögreglurannsókn fór fram út af viðskiptum þessum 9. desember 1957, segir um það, sem á eftir fór:

„Með því að Hjálmtýr gekk mjög hart að mér um að standa með einhverjum hætti skil á greiðslu víxilsins, varð það úr, að ég samþykkti víxil, að upphæð kr. 24.000.00 . . . , sem ég lét Hjálmtý hafa, en útgefandi víxils þessa var fyrirtækið Bílasalinn, Vitastíg 10, sem rekið var á mínu nafni. Auk þess greiddi ég Hjálmtý kr. 6.000.00 í peningum, en til tryggingar víxlinum lét ég hann hafa að handveði veðskuldabréf í Pobeta bifreið, nýrri, sem ég þá átti, en skrásetningarmerki hennar man ég nú ekki. En með þessum 24.000.00 króna víxli og 6.000.00 krónum í peningum greiddi ég Hjálmtý Sigurðssyni umræddan víxil Inga Kröyers, og var þá jafnframt talað um, að Hjálmtýr gerði upp við Pál Magnússon og næði í víxil Inga hjá honum og einnig veðskuldabréfið, sem fylgdi þeim víxli. Þetta gerðist 24/11 1955, og fáum dögum síðar afhenti Hjálmtýr mér umræddan víxil Inga Kröyers ásamt veðskuldabréfinu, sem honum fylgdi.

Þegar ég nú þannig var raunverulega búinn að greiða upp umræddan víxil fyrir Inga Kröyer, þá krafði ég hann enn á ný margsinnis um greiðslu, og liðu þannig nokkrir mánuðir, eða allt fram í marzmánuð 1956, að Ingi stóð mér ekki skil á neinni greiðslu upp í víxilinn. Þá var það dag einn, að ég hitti Hjálmtý Sigurðsson, og komst þá víxillinn til tals á milli okkar og það, að enn hefði Ingi ekki greitt neitt af honum. Var þá farinn að nálgast sá tími, er ég átti að greiða afborgun af víxlinum, sem ég hafði látið Hjálmtý hafa og áður er getið, og ráðlagði Hjálmtýr mér þá að fá mér lögfræðing til að innheimta víxilinn hjá Inga. Hann benti mér þá sérstaklega á Gunnar A. Pálsson hrl. og bauðst til að koma með mér til hans og fá hann til að taka að sér innheimtuna. Ég fór því með Hjálmtý til Gunnars A.

Pálssonar, og það ég þá Gunnar um að innheimta fyrir mig umræddan víxil. Hjálmtýr hafði boðizt til að koma með mér, en hafði alls ekki neitt orð fyrir mér við Gunnar, og man ég ekki til, að hann legði neitt til málanna, þegar ég bað Gunnar að innheimta fyrir mig víxilin, og ég fullyrði, að Páll Magnússon var alls ekki nefndur á nafn í þessu sambandi, enda vissi ég ekki, er hér var komið, annað en að Hjálmtýr mundi þá vera búinn að greiða Páli víxilin að fullu fyrir nokkrum mánuðum síðan Um það var aldrei talað á milli okkar Hjálmtýs, hvort hann hefði greitt Páli víxilin, en ég þóttist bara viss um, að svo hefði verið, þar sem Hjálmtýr hafði fengið víxilin afhentan hjá Páli og afhenti mér svo einnig víxilin og skuldabréfið, um leið og ég gerði greiðsluna upp við hann, eins og fyrr er sagt.“

Páll Magnússon skýrði frá atburðum með allt öðrum hætti. Hann kvaðst hafa rætt um það við Hjálmtý Sigurðsson, er víxilin hafði legið lengi í óskilum, að hann vildi fá hann lögfræðingi til innheimtu, og sagði Páll, að Hjálmtýr hefði talið það rétt eftir atvikum. Segir síðan í sáttakæru Páls í máli þessu:

„Hjálmtýr bjó vestur í bæ, og því var það, að ég bað hann að taka fyrir mig víxilin og færa hann hrl. Gunnari A. Pálsyni til innheimtu. Jafnframt hringdi ég til Gunnars og bað hann að annast þetta fyrir mig, sem hann lofaði.“

Einhvern tíma síðar talaði Gunnar við mig og sagði mér, að Hjálmtýr hefði komið til sín með víxilin og með honum hefði verið Sveinn Jónsson. Hefðu þeir báðir sagt sér, að ég ætti víxilin og ætti að fá allt, er inn kæmi, en hins vegar hefði Hjálmtýr haft orð á því, að bezt væri, að innheimtan færi fram í nafni Sveins til þess að blanda mér ekki í þetta. Kvað Gunnar Svein hafa samþykkt þetta og hafi hann (Gunnar) lofað þeim, að þessi háttur yrði á hafður. Kom mér þetta einkennilega fyrir sjónir, enda hafði ég ekki talað um þetta við Hjálmtý, en sagði þó við Gunnar, að fyrst Hjálmtýr hefði viljað hafa þetta svona, þá væri ástæðulaust að breyta fyrirætlunum þeirra um form innheimtunnar.“

Þegar Gunnar A. Pálsson hafði fengið víxilin í hendur, hóf hann innheimtutilraunir, og 12. júní 1956 var birt stefna, þar sem Sveinn Jónsson stefnir Inga Kröyer út af víxilskuldinni og til viðurkenningar á veðrétti. Dómur í málinu var kveðinn upp 21. júlí og kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti. Hinn 6. marz 1957 fór fram fjárnámsgerð í bifreið Inga. Fjárnáms-

gerðin var endurupptekin 1. nóvember að kröfu Gunnars A. Pálssonar, að hans sögn f. h. Sveins Jónssonar, og krafðist Gunnar þess, að bifreiðin yrði tekin úr vörzlum Inga Kröyers til sölu á nauðungaruppboði. Sveinn Jónsson mætti sjálfur við réttarhald þetta og lýsti því yfir, að hann væri því mótfallinn, að bifreiðin yrði að sinni tekin af Inga. Var málinu þá frestað til gagnaöflunar.

Hinn 7. nóvember 1957 kærði Páll Magnússon Svein fyrir sakadómara svo og Inga Kröyer. Lýsti Páll þá málavöxtum, eins og að framan er rakið eftir honum. Sakamálsrannsókn fór fram, en Dómsmálaráðuneytið fyrirskipaði ekki frekari aðgerðir.

Hinn 26. febrúar 1959 var málið tekið fyrir á ný í fógatarétti. Lögmaður Páls Magnússonar ítrekaði þar, að Páll væri eigandi kröfunnar, en af hálfu Sveins var ítrekað, að hann væri eigandi. 4. marz sýndi lögmaður Páls fyrrnefnda sáttakæru í máli þessu í fógataréttinum og krafðist frests í fógataréttarmálinu, meðan dómstólar fjölluðu um þá kröfugerð, sem í sáttakærunni var sett fram. Slíkum fresti var mótmælt af hálfu Sveins Jónssonar, og 12. marz var kveðinn upp úrskurður um málið. Segir í honum m. a.: „Rskj. 2 í máli þessu tilgreinir Svein Jónsson einan sem dómhafa, og hefur þessum bæjarþingsdómi ekki verið breytt með úrlausn æðra dóms. Ekkert virðist hafa komið fram í máli þessu því til hnekkis, að Sveinn Jónsson sé eigandi og umráðamaður dómkröfunnar. Verður ekki annað fyrir hendi en að vísa á bug þeim afskiptum Páls Magnússonar af fógatamáli þessu, sem fram koma í frestbeiðni hans.“

Úrskurði fógataréttarins var skotið til Hæstaréttar, og segir m. a. í dómi þess réttar 20. apríl 1959: „Dómur bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 584/1956: Sveinn Jónsson gegn Inga Kröyer greinir Svein Jónsson einan sem dómhafa. Þenna dóm, sem eigi hefur verið áfrýjað, verður fógæti að leggja til grundvallar. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.“

Verða nú rakin önnur gögn, sem fram hafa komið í máli þessu og þýðingu hafa:

Hjálmtyr Sigurðsson andaðist sumarið 1956, og liggur ekki fyrir nein skýrsla frá honum um málavexti.

Ingi Kröyer gaf skýrslu fyrir rannsóknarlögreglunni 10. desember 1957. Ingi skýrir frá því, að hann hafi snemma í nóvember 1955 ekið stefnda og Hjálmtý Sigurðssyni að Bergstaðastræti 4 og beðið fyrir utan, meðan þeir fóru inn með 7.000.00 kr. upp í víxilinn. Þá segir Ingi:

„Nokkru eftir þetta átti ég svo tal við Svein og fór fram á það við hann, að hann hjálpaði mér til að fá víxilinn framlengdan, en hann benti mér þá á að fara sjálfur til Hjálmtýs og tala við hann um þetta. Ég fór þá til Hjálmtýs, að ég held einhvern tíma í desember, og fór fram á við hann að fá víxilinn framlengdan, en hann kvaðst þá ekkert hafa við mig að tala um þetta, því Sveinn væri búinn að gera þetta upp við sig, og ætti ég því að snúa mér til hans. Sveinn hafði þá ekki sagt mér neitt frá því, að hann væri búinn að gera víxilinn upp við Hjálmtý, en sennilega hefur liðið um það bil hálfur mánuður, frá því að Sveinn hafði bent mér á að tala við Hjálmtý og þar til ég gerði það. Einnig leið svo talsverður tími, frá því að ég talaði við Hjálmtý og fékk fyrrgreint svar hjá honum, þar til ég talaði aftur við Svein. En þegar ég talaði við Svein næst, sem ekki var fyrr en nokkru eftir áramót, þá sagði hann mér, að hann væri búinn að greiða Hjálmtý víxilinn að fullu, með skuldabréfi og einhverri peningagreiðslu.“ Fyrir sakadómi sagði Ingi frá með sama hætti og taldi, að hann hefði farið til Hjálmtýs „nokkru eftir“ það samtal við Svein, sem að framan er frá sagt. Taldi hann viðtal þeirra Hjálmtýs hafa verið í desember 1955.

Gunnar A. Pálsson hrl. gaf skýrslu fyrir sakadómi 17. desember 1957. Hann skýrði svo frá, að einhvern tíma frá því í nóvember og þar til í febrúar 1956 hafi þeir Hjálmtýr Sigurðsson og Sveinn Jónsson komið til sín og falið sér að innheimta margumræddan víxil. Eftir lögmanninum var bókað: „Þeir Hjálmtýr og Sveinn sögðu báðir, að eigandi víxilsins væri Páll Magnússon, en hins vegar báðu þeir um, að innheimtan færi fram í nafni Sveins. Mættur segir, að Hjálmtýr hafi haft sig öllu meira í frammi í viðtali þessu en Sveinn. Fékk mættur á tilfinninguna, að Sveinn væri þarna kominn til að staðfesta það, að hann væri því samþykkur, að innheimtan færi fram í hans nafni.

Mættur kveðst hafa annazt ýmis lögfræðistörf áður fyrir Pál Magnússon og vera honum vel kunnugur. Fyrir þá Svein eða Hjálmtý hafði hann hins vegar aldrei áður rækt nein störf. „Fyrir bæjarþingi staðfesti lögmaðurinn skýrslu, sem greinir eins frá því, sem hér skiptir máli. Þá segir og í skýrslu þessari, að Hjálmtýr hafi sagt, að hann vildi ekki „blanda Páli inn í þetta“.

Í þessu sambandi skal getið, að stefndi í máli þessu kom fyrir

sakadóm sama dag og Gunnar A. Pálsson. Eftir honum var m. a. bókað:

„Mættur segir, að víxillinn hafði legið allengi hjá mættum, áður en mættur fór með hann til Gunnars A. Pálssonar og fól honum innheimtuna. Mættur segist aldrei hafa haft fyrr viðskipti við Gunnar, en Hjálmtýr hafi ráðlagt honum að leita til Gunnars. Fóru þeir þangað svo saman. Mættur kveðst hafa haft víxilinn í vasa sínum og tekið hann upp og fengið Gunnari. Hjálmtýr hafi ekkert lagt til málanna. Mættur neitar því, að þeir Hjálmtýr hafi neitt minnst á, að Páll Magnússon ætti kröfuna. Páll hafi ekki verið nefndur í þessu viðtali.“

Gunnar A. Pálsson og stefndi voru samprófaðir í máli þessu, en samræmi náðist ekki um framburði þeirra. Tók stefndi fram, að það muni hafa verið í marz 1956, sem þeir Hjálmtýr fóru til Gunnars. Gunnar kom fyrir dóm á bæjarþingi og sýndi þá málaskrá með innfærslum, sem hann kvað þýða, að Páll væri eigandi kröfu þeirrar, sem hér um ræðir.

Stefndi var spurður fyrir bæjarþingi, hvort nokkur sé til vitnis um, að víxillinn hafi verið í hans vörzlum frá því í nóvember 1955 og þar til í marz 1956. Stefndi kvaðst hafa skýrt Inga Kröyer frá, að hann hefði leyst til sín víxilinn, og er það áður fram komið, en ekki kvað hann aðra vera til vitnis um vörzlur sínar. Þá tók stefndi fram, að hann hefði beðið Gunnar um kvittun fyrir móttöku víxilsins, en Gunnar sagt, að ekki væri venja að gefa slíkar kvittanir og Hjálmtýr væri til vitnis.

Þá Gunnar og stefnda greinir og nokkuð á um samtöl þeirra í milli, eftir að víxillinn var fenginn Gunnari. Stefndi kveðst nokkrum sinnum hafa rætt við Gunnar, m. a. um fresti Inga til handa. Þegar Ingi hafi greitt þrívégis inn á víxilinn, alls 26—27.000.00 kr., kveðst stefndi í fyrsta sinn hafa óskað eftir að fá fé frá Gunnari, kr. 10.000.00. „Fram til þess“, segir stefndi í skýrslu sinni til rannsóknarlögreglunnar, „hafi aldrei verið rætt um annað en ég væri hinn rétti eigandi umrædds víxils, en er ég nú kom til Gunnars og fór fram á að fá hjá honum peninga, þá sagði hann, að ég þyrfti að sanna eignarrétt minn á víxlinum, og sagði hann nú, að ég ætti alls ekki þennan víxil.“ Eftir þetta fékk stefndi annan málflutningsumboðsmann. Hann fór og að eigin sögn til Páls Magnússonar, sem kvað Hjálmtý aldrei hafa greitt sér víxil þann, sem féll 1. nóvember 1955.

Gunnar A. Pálsson skýrði svo frá fyrir sakadómi, að hann

hefði gengið allhart að Inga. „Kom það þá fyrir, að Ingi var að snúa sér beint til Sveins og biðja hann um gjaldfrest, og Sveinn talaði þá við mættan og bað hann að gefa Inga frest. Kom fyrir, að mættur gaf Inga frest eftir beiðni Sveins eða lét svo, að hann gerði það eftir beiðni hans. Mættur gat þess aldrei við Inga, hver væri hinn raunverulegi eigandi víxilsins, enda taldi hann þá Hjálmty og Svein hafa trúað sér fyrir því. Aftur á móti kveður mættur það álit sitt, að Ingi hafi vitað um, að Páll átti víxilinn.

Nokkru eftir að Hjálmtyr Sigurðsson lézt, átti Sveinn tal við mættan, og lét hann þá svo, að hann ætti eiginlega kröfuna, og skildist mættum, að það væri í sambandi við einhver viðskipti við Hjálmty, sem komið hefðu til, eftir að mættur fékk víxilinn. Mættur sagði, að hann mundi reyna að innheimta kröfuna, en eftir á mætti ræða um eignarréttinn. Síðan kom Sveinn Jónsson heim til mættis og spurði mættan, hvort hann vildi ekki láta sig fá 10.000 kr. af hinu innheimta fé. Mættur kveðst hafa neitað því, og skildi svo með þeim.“

Í lögreglurannsókn þeirri, sem fram fór, var bókað eftir Inga Kröyer um þessi atriði: „Allt frá því, að Hjálmtyr Sigurðsson sagði mér, er ég talaði síðast við hann, að Sveinn Jónsson hefði þá þegar gert umræddan víxil upp við sig, hef ég staðið í þeirri meiningu, að Sveinn hafi verið eigandi víxilsins, og hafði ég aldrei heyrt um annað talað, þar til Gunnar A. Pálsson hélt því fram, er við mættum saman hjá borgarfégeta síðast, nú fyrir stuttu síðan, að Sveinn ætti alls ekkert í þessari kröfu.

Það kom fyrir oftár en einu sinni, er Gunnar gekk harðast að mér að greiða víxilinn upp, að þá fékk ég Svein til þess að gangast í að fá framlengingu, og varð ég þá aldrei var við annað en að hann væri hinn raunverulegi kröfuhafi og hefði þess vegna ráð á að framlengja og fresta aðförinni.“

Fyrir bæjarþingi hefur Ingi Kröyer staðfest, að rétt séu ummæli í skýrslu frá Gunnari A. Pálssyni, þar sem segir, að Gunnar hafa stundum sagt Inga, að stefnda kæmi mál þetta ekkert við og tæki Gunnar því ekkert mark á, hvað stefndi sagði.

Í kærú sinni til sakadómara frá 7. nóvember 1957 segir Páll Magnússon, að föstudaginn 1. nóvember hafi stefndi komið til sín. „Fór hann að tala um kröfuna við mig á þá lund, að henni ætti að skipta á milli okkar“, segir í kærúnni. Fyrir sakadómi var bókað eftir Páli 17. desember 1957: „Mættur segir, að Sveinn

Jónsson hafi komið heim til mætta nú í haust, og hélt hann því þá fram, að hann ætti kröfuna, hefði verið búinn að borga Hjálmtý víxlinn. Að sjálfsögðu kveðst mættur hafa mótmælt þessu og staðhæft, að hann væri eigandi víxilsins.“ Þá segir í kærnu Páls til sakadómara, að 2. nóvember 1957 hafi Gunnar A. Pálsson sagt Páli, „að eitthvað makk væri milli Sveins og Inga Kröyers um eftirstöðvar kröfunnar og virtust þeir ætla að hjálpast að um að gera tilraun til að stela þeim.“ Upplýst er, að kærna samdi Gunnar A. Pálsson, að því er hann segir í samráði við Pál um efni og orðalag.

Næst er þess að geta, að nokkuð er upplýst varðandi víxil þann, er stefndi kveðst hafa látið Hjálmtý Sigurðsson fá til greiðslu á hluta af víxli þeim, sem Ingi Kröyer hafði samþykkt.

Staðfest endurrit af víxlinum hefur verið lagt fram í málinu. Útgáfudagur er tilgreindur 24. október 1955, og að öðru leyti er víxillinn eins og stefndi hafði haldið fram. Á bakhlið hans eru eyðuframsal svo og þessar áritanir:

„10/1 '56 innborgað kr. 4.500.00“, og

„Ég undirritaður set hér með að handveði veðskuldabréf, að upphæð kr. 27.000.00, tuttugu og sjö þúsund krónur, að eftirstöðvum nú kr. 25.550.00, tuttugu og fimm þúsund krónur (svo), útgefið 9. september 1955 með 1. — fyrsta veðrétti — í Pobeda-bifreið, smíðaaár 1955.

Reykjavík, 24. október 1955.

Sveinn Jónsson.“

Ekki hefur frumrit víxilsins fundizt, og kemur ekki fram á endurritinu, hvenær víxillinn var stimplaður.

Fyrir dómi skýrði stefndi svo frá, að víxillinn hefði verið dagsettur mánuði fyrr en hann var samþykktur og útgefinn, og kvað það hafa verið gert að ósk Hjálmtýs Sigurðssonar. Taldi stefndi þetta hafa staðið í sambandi við rannsókn sonefndrar okurnefndar, en ekki gat stefndi skýrt þá staðreynd, að vextir hefðu verið ólöglegir, þó að víxillinn væri talinn útgefinn í október. Taldi stefndi, að það hafi verið Hjálmtý áhugamál að ganga frá víxli þeim, sem Páll átti.

Veðskuldabréf það, sem sett var að handveði til tryggingar víxli þeim, sem síðast var rætt um, var gefið út 9. september 1955 af Júlíusi Arnórssyni, Smiðjugötu 1 á Ísafirði. Bréfið var upphaflega að upphæð kr. 27.000.00 og skyldi borgað með 1.500.00 kr. mánaðarlegum afborgunum, hinn fyrstu 10. október 1955.

Lagt hefur verið fram vottorð frá pósthúsinu á Ísafirði, þar sem segir, að Júlíus hafi sent 1.500.00 kr. til Sveins Jónssonar 10. október, 14. nóvember og 2. desember 1955 og 4. janúar 1956. Stefndi skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði afhent Hjálmtý póstávísun þá, sem var greiðsla upp í skuldabréfið fyrir nóvember, um leið og hann fékk honum víxilinn og bréfið sjálft. Stefndi kvaðst hafa fært Hjálmtý afborganir mánaðarlega fram í janúar 1956 og fært þær inn á bréfið, en Hjálmtýr muni hafa fært þær í einu lagi inn á víxilinn í janúar. Frumrit bréfsins taldi stefndi hafa glatazt hjá skuldaranum, eftir að því hafi verið aflýst. Ágreiningur er um það í málinu, hvernig greitt var upp í skuld stefnda við Hjálmtý Sigurðsson, en ekki liggja fyrir þær upplýsingar hér að lútandi, að þær geti verið sönnunargögn í máli þessu.

Kröfur stefnanda í máli þessu eru á því byggðar, að sannað sé með framburði stefnda sjálfs og annarra, að Páll Magnússon hafi í upphafi verið eigandi hins umdeilda víxils, og að jafnframt verði að telja sannað, að rétturinn yfir víxlinum hafi aldrei orðið eign stefnda. Byggist sú málsástæða fyrst og fremst á því, sem Gunnar A. Pálsson hefur borið um viðtal sitt við þá Hjálmtý Sigurðsson og stefnda, þegar hann fékk víxilinn í hendur. Einnig byggist hún á framburði Gunnars um viðskipti þeirra stefnda þar á eftir og um samtöl hans við Pál Magnússon. Þá er því haldið fram af stefnanda, að stefnda beri skv. 154. gr. laga nr. 85/1936 að sanna, að dagsetning víxils þess, að fjárhæð kr. 24.000.00, sem að framan er rætt um, hafi verið röng, en slík sönnun hafi ekki tekizt. Ber því að álitu stefnanda, að líta svo á, að skýrsla stefnda um viðskipti hans við Hjálmtý verði ekki lögð til grundvallar. Þessi málsástæða er einnig studd með því, að engin áritun um innborgun á víxilinn hafi verið gerð, þó að stefndi haldi því fram, að hann hafi um leið og viðskiptin urðu, afhent Hjálmtý Sigurðssyni póstávísun, að upphæð kr. 1.500.00, en þeirrar greiðslu hefði mátt geta, þó að Hjálmtýr hafi viljað fara að eins og stefndi heldur fram. Þá er því einnig haldið fram, af hálfu stefnanda, að víxillinn pr. 1. nóvember 1955 hafi verið miklu verðmætari en kr. 6.000.00 í peningum og víxill sá, sem í stað hins fyrra kom að sögn stefnda. Loks er á það bent af hálfu stefnanda, að Ingi Kröyer hefur sagt fyrir dómi, að Gunnar A. Pálsson hafi sagt, meðan hann hafði víxilinn pr. 1. nóvember til innheimtu, að stefnda kæmi víxillinn ekki við.

Kröfur stefnda eru studdar þeim rökum fyrst og fremst, að hann sé eigandi víxilkröfunnar, þar sem hann hafi greitt víxilinn til umboðsmanns Páls Magnússonar og fengið hann afhentan. Er því haldið fram, að það, að málið til innheimtu víxilsins var höfðað í nafni stefnda, sé sönnunargagn, sem ekki hafi verið hnekk, enda styðji framburður Inga Kröyer frásögn stefnda um málavexti. Þá er það og talið styðja þessa frásögn, að stefnda var ekki stefnt til greiðslu víxilsins, þó að eðlilegt hefði verið að gera það, ef það hefði verið Páll Magnússon, sem víxilréttinn átti. Af hálfu stefnda er því enn fremur haldið fram, að það, að Gunnar A. Pálsson kvað innheimtu víxilsins stefnda óviðkomandi í samtölum við Inga Kröyer, hafi ekki þurft að tákna annað en það, að Gunnar hafði fengið víxilinn til innheimtu og verið sjálfráður um, hvernig hann hagaði innheimtunni.

Það athugast, að ekki verður talið, að með úrskurði fógetaréttar 12. marz 1959 hafi verið tekin afstaða til sakarefnis þess, sem hér er til dóms, sbr. dóm Hæstaréttar 20. apríl 1959. Er bæjarþingið því bært að skera úr málinu.

Sannað er, að Páll Magnússon átti hina umdeildu víxilkröfu í upphafi. Gunnar A. Pálsson hæstaréttarlögmaður höfðaði síðar mál til innheimtu víxilsins og tilgreindi þar stefnda í máli þessu sem stefnanda. Stefndi hefur haldið því fram, að hann hafi verið réttur eigandi víxilkröfunnar, þar sem hann hafi leyst hana til sín. Að áliti dómarans verður stefnandi að sanna, að stefndi hafi ekki verið eigandi víxilkröfunnar, þegar málið til innheimtu hennar var höfðað. Aðiljaskýrslur og framburðir þeirra tveggja vitna, sem um atvik geta borið, eru gagnstæðir í meginatriðum, og önnur sönnunargögn hafa ekki heldur komið fram, sem úr skera. Verður því að líta svo á, að ekki hafi tekizt að sanna eignarrétt stefnanda yfir víxilkröfunni og veðrétti þeim, sem hana tryggði, og verður sýknukrafa stefnda því tekin til greina. Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Þór Vilhjálmsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Sveinn Jónsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, dánarbús Páls Magnússonar, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.